

Samgöngu- og sveitastjórnarráðuneytið  
Sölvhólsgötu 7  
101 Reykjavík

Hafnarfirði, 30. janúar 2020  
Mál. nr. 1911351

**Efni: Gjaldskrá vatnsveitu, bréf ráðuneytisins, dags. 13. nóvember 2019**

Hafnarfjarðarbær starfrækir vatnsveitu og leggur vatnsgjald á fasteignir sem tengdar eru við veitukerfið sbr. gjaldskrá sem finna má á heimasíðu sveitarfélagsins.

<https://www.hafnarfjordur.is/stjornsysla/stjornsyslan/gjaldskrar/>

Stofn til álagningar vatnsgjalds er fasteignamat viðkomandi eignar og er álagningarprósentan nú 0,054% af íbúðarhúsnæði. Hófsemi er gætt við ákvörðun álagningar og gjaldið var 0,112% árið 2011 og hefur því verið lækkað um 51,8% á tímabilinu. Niðurstaða rekstrar eftir framkvæmdir hefur verið jákvæð undanfarin ár og allar skuldir vatnsveitu voru greiddar upp árið 2015.

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2020 er eftirfarandi í þúsundum króna.:

Vatnsgjald	439.438
Rekstrargjöld	220.459
Afskriftir	66.130
Fjármagnstekjur	(40)
Framkvæmdir	<u>92.000</u>
Niðurstaða	60.809

Fjárhagsáætlun fyrir árin 2021-2023 gerir ráð fyrir hóflegum afgangi eða 34, 36 og 40 milljónum króna. Sjóðir vatnsveitu verða notaðir til fjárfestinga en fjárfestingaþörf á næstu fimm árum nemur 1.069,5 milljónum króna og 2.542 þúsundum króna á næstu átta árum. Stærstu fjárfestingarnar eru virkjun vatnsbóls í Fagradal (1.285 milljarður króna), vatnsöflun frá Kaldárbotnum (607 milljónum króna) og endurnýjun stofn- og heimæða í eldri hverfum (650 milljónir króna).

Virðingarfyllt,

Rósa Guðbjartsdóttir  
bæjarstjóri